



# GRÆN KVIKMYNDAGERÐ

---

Handbók um sjálfbæra kvikmyndaframleiðslu

Þessi handbók um græna kvikmyndagerð (e. green film) er hönnuð fyrir opinbera kvikmyndasjóði og þjónustustofnanir, sjónvarpsstöðvar, streymisveitur og aðra sem vilja hvetja kvikmynda- og sjónvarpsframleiðendur til umhverfisvænni starfshátta. Með þessu verkfæri er framleiðendum leiðbeint um hvernig megi, eftir fremsta megni, starfa með sjálfbærum hætti. Og í því felst:

- Vottun um umhverfisvæna og sjálfbæra kvikmyndaframleiðslu.
- Samstarf stofnana og fyrirtækja um að nota aðferðir og áætlanir sem miða að sjálfbærri kvikmyndagerð, og að koma í sameiningu að þjálfun á því sviði.

Hvernig virkar handbókin?

Fyrir tókur:

- Framleiðendur fylla út gátlista og tilgreina þannig hvaða sjálfbærni viðmiðum handbókarinnar þau vilja fylgja við upptökur.
- Opinberir sjóðir hafa í einhverjum tilvikum þegar innleitt ýmsa hvata til að umbuna framleiðendum með endurgjaldi eða þjónustu af einhverju tagi, eftir því hve mörg sjálfbærni viðmið framleiðandinn áætla að uppfylla.

Í tókum:

- Framleiðsluaðilar leitast við að fylgja þeim viðmiðum sem stefnt er að.
- Vottar, viðurkenndir af opinberum sjóðum, sannreyna hvort þeim sé fylgt.

Eftir tókur:

- Opinberir sjóðir ljúka sinni vottun, og staðfesta að þeim viðmiðum sem lagt var upp með hafi verið fylgt.
- Sé staðfest að öllum viðmiðum hafi verið fylgt, hlýtur framleiðslan alþjóðlega vottun og, ef við á, framleiðendur fá umsamda umbun, þjónustu eða endurgjald.

Í náinni framtíð er þess að vænta að KMÍ innleiði vottun í samstarfi við til þess bæra aðila og kynnt verði hvaða kröfur og gögn liggja til grundvallar vottun.

Af hverju að nýta sér handbókina?

- Það stuðlar að sjálfbærri nálgun í vaxandi atvinnugrein sem vekur athygli og áhuga almennings.
- Það veitir aðgang að alþjóðlegu samstarfi sem vinnur að innleiðingu á betri starfsháttum, og samhæfðri þjálfun og námskeiðum.
- Viðmiðakerfið er auðvelt í notkun og fjölmargir framleiðendur kvikmynda og sjónvarpsefnis hafa þegar stuðst við það.
- Það er staðlað kerfi sem auðveldar framleiðendum að samræma sjálfbærni viðmið í samframleiðslu og einnig við vinnu í öðrum löndum.

# Áætlun um sjálfbærni

## Tilgangur

Að skipuleggja hagkvæmt kerfi til að innleiða þau sjálfbærni viðmið sem lagt er upp með, með einfaldar og haldbærar upplýsingar að vopni, til að lágmarka umhverfisáhrif án þess að tefja tökuliðið við störf.

Að auka skilvirkni ferðalaga og flutninga eins og auðið er, og draga þannig úr bæði umhverfisáhrifum og kostnaði.

## FORKRÖFUR – SKILYRÐI: ÁÆTLUN UM SJÁLFBÆRNI

		Mat
PR1	Áætlun um sjálfbærni (skilyrði)	
PR2	Skilvirk ferðaáætlun (skilyrði)	

## Lýsing á viðmiðum:

### PR1 ÁÆTLUN UM SJÁLFBÆRNI

#### Kröfur

Eftirfarandi aðgerðir verður að framkvæma áður en tökur hefjast.

Útnefna skal umsjónarmann með innleiðingu sjálfbærni viðmiðanna („grænstjóra“), sem hefur allavega tveggja ára starfsreynslu á sviði umhverfisráðgjafar.

Gera skal áætlun um sjálfbærni, þar sem tilgreint er hvaða viðmiðum handbókarinnar á að fylgja. Þessa áætlun þarf að senda til:

- Opinberra sjóða.
- [Alþjóðlegu stofnunarinnar sem sér um GK].
- Allra sem vinna við framleiðsluna, helst í tölvupósti.

Grænstjóri skipuleggur fund með yfirmönnum allra deilda, til þjálfunar og fróðleiks.

### Athugasemdir og tillögur

Sjálfbærniáætlunin á að innihalda nákvæma lýsingu á þeim aðgerðum sem ráðist verður í á hverjum tókustað, fyrir hvert viðmið. Markmið áætlunarinnar er að allir starfsmenn og meðlimir tókuliðsins komi að því að gera starfshætti umhverfisvænni. Fundurinn með yfirmönnum allra deilda er tækifæri til þjálfunar og þar er best að veita nákvæmar upplýsingar fyrir hverja deild. Bílstjórar, til dæmis, ættu að vita í smáatriðum hvernig á að gera flutninga á fólki, tækjum og vörum eins skilvirka og hægt er, og gera sér ljóst mikilvægi þess að notaðar séu almenningssamgöngur þegar hægt er.

Opinberir sjóðir og [Alþjóðlega stofnunin sem sér um GK] geta líka sent áætlunina til þeirra opinberu aðila sem eiga snertifleti við framleiðsluna, sérstaklega borgar- og sveitarstjórna, til að hafa þá með í ráðum og stuðla að samvinnu við að framfylgja áætluninni.

## PR2 SKILVIRK FERÐAÁÆTLUN

### Kröfur

Áður en tókur hefjast þarf að útnefna ferðastjóra, sem gerir drög að ferðaáætlun, bæði fyrir farartæki sem flytja búnað og þau farartæki sem flytja fólk til og frá tókustað.

Þessa áætlun á að senda til opinberra sjóða og [Alþjóðlegu stofnunarinnar sem sér um GK] áður en tókur hefjast og verður hún að innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Fjöldi og gerð farartækja í notkun.
- Áætlaður fjöldi ferða á hvert farartæki, sundurgreint niður í einstakar ferðir.
- Áætlaður fjöldi farþega í hverju farartæki, sundurgreint niður í einstakar ferðir.

Meðan á tókum stendur verður að hafa áætlunina í huga, uppfæra hana ef aðstæður breytast og skrásetja gögn fyrir hvert ferðalag.

### Athugasemdir og tillögur

Meginreglan er að nota eins fá farartæki og unnt er. Til að það gangi eftir er best að huga að öllum öðrum viðmiðum sem snúa að samgöngum, ákveða hverjum þeirra á að fylgja og í ljósi þess skal velja farartæki og ferðamáta með tilliti til daglegra starfa á tókustað.

## VIÐMIÐ A

## Orkusparnaður

## Tilgangur

Að tryggja að dregið verði úr umhverfisspori framleiðslunnar með skilvirkum hætti, og að bæði mengandi losun og orkusóun verði takmörkuð eftir fremsta megni.

Að færa rök fyrir úrræðum sem skila fjárhagslegum sparnaði.

VIÐMIÐ A:  
ORKUSPARNADUR

		Stig
A1	Tímabundnar tengingar við rafveitunetið	3
A2	Græn orka	3
A3	LED-ljós	3

## Lýsing á viðmiðum:

## A1

TÍMABUNDNARTENGINGAR  
VIÐ RAFVEITUNETIÐ

## Kröfur

Að nota einungis orku sem fæst í gegnum tímabundnar tengingar við rafveitunetið í samráði við orkuveitu á staðnum þar sem framleiðslan fer fram, í stað þess að nota ferðarafstöðvar (eldsneytisknúnar).

## Athugasemdir og tillögur

Tímabundin tenging við rafveitunetið felur í sér fastan kostnað (samningur við raforkusalann) og breytilegan kostnað sem byggist á nýttum kílóvattstundum; þessir kostnaðarliðir verða miklu lægri en kostnaðurinn við að nota ferðarafstöðvar.

Þegar hver tókustaður hefur verið skoðaður og metinn, er æskilegt að komast að því hvaða orkuveitur starfa á svæðinu, hafa samband við þær og staðfesta að tímabundin tenging sé möguleg.

## A2 GRÆN ORKA

### Kröfur

#### Valmöguleiki 1:

Að gera samninga við raforkusala sem útvega – einungis – endurnýjanlega orku þegar kemur að orkupörf á tökustað.

#### Valmöguleiki 2:

Að framleiða endurnýjanlega orku á staðnum, hlaða til dæmis rafhlöður með ferða-sólarsellum.

### Athugasemdir og tillögur

Til að sýna fram á að orkan sé 100% endurnýjanleg verður að nota veitur sem hafa upprunavottun (e. guarantee of origin) eða útvega skriflega yfirlýsingu frá raforkusalanum um að öll orka sem hann selur framleiðsluaðilum sé endurnýjanleg.

## A3 LED LJÓS

### Kröfur

Forðist notkun á glóperum, halógen- og flúorljósum. Notið einvörðungu LED-ljós.

### Athugasemdir og tillögur

Glóperur, halógen- og flúorljós nota miklu meira rafmagn en LED-ljós, og draga þar af leiðandi úr sjálfbærni og auka kostnað.

# Flutningar og gisting



## Tilgangur

Að draga úr mengandi útblæstri sem hlýst af vélknúnum flutningum, með skynsamlegu ferðaskipulagi, sem þar af leiðandi dregur úr eldsneytiskostnaði.

### VIÐMIÐ B: FLUTNINGAR OG GISTING

		Stig
B1	Euro 5-farartæki	1
B2	Euro 6, blendingar, metan- eða gasknúin (LPG) farartæki	4
B3	Gisting: innan 10 km frá tökustað	4
B4	Gisting: vottaðir gististaðir	3

## Lýsing á viðmiðum:

### B1 EURO 5-FARARTÆKI

Kröfur  
Að nota einvörðungu Euro 5-vottuð farartæki, en Euro 5 er útblástursstaðall.

## B2

EURO 6, BLENDINGAR, METAN-  
EÐA GASKNÚIN (LPG) FARARTÆK

## Kröfur

Að nota einvörðungu Euro 6-vottuð farartæki og/eða farartæki sem eru metan- eða gasknúin eða eru með blendingsvélur.

Þessar kröfur eru bara gerðar til farartækja sem notuð eru til fólksflutninga.

## B3

## GISTING: INNAN 10 KM FRÁTÖKUSTAÐ

## Kröfur

Að finna gistingu innan 10 km frá tókustað, nema ef tókustaðurinn er aðeins notaður einn dag.

## Athugasemdir og tillögur

Val á gististað hefur áhrif á ferðir farartækja og þar af leiðandi á mengandi útblástur og eldsneytiskostnað. Þess vegna er mikilvægt að velja gististaði sem eru eins nálægt tókustöðum og hægt er. Nálæg næturgisting stuðlar líka að einfaldari ferðaáætlun þegar kemur að tímastjórn og minnkar vinnuálag og asa hjá bílstjórum.

## B4

GISTING:  
VOTTAÐIR GISTISTAÐIR

## Kröfur

Þegar kemur að hótélum verður að velja sjálfbæra aðstöðu, með ISO 14024-umhverfisvottun frá þriðja aðila (svo sem EU Ecolabel), fyrir allavega 50% af gistinóttum.

## Athugasemdir og tillögur

Hægt er að lesa um allar aðgerðir samkvæmt staðlinum, hvers konar aðstaða er vottuð, og aðrar upplýsingar um EU Ecolabel-gistiaðstöðu hér: <https://ec.europa.eu/environment/ecolabel/>



## VIÐMIÐ C

## Veitingar

## Tilgangur

Að tryggja tökuliðinu næringu sem er bæði holl og góð, en einnig framreidd af virðingu við umhverfið með því að draga eftir fremsta megni úr úrgangi sem hlýst af matreiðslu, sem og draga úr kolefnislosun sem hlýst af skipulagsákvörðunum sem eru dýrkeyptar, bæði fyrir umhverfið og framleiðsluna.

## VIÐMIÐ C: VEITINGAR

VIÐMIÐ C: VEITINGAR		Stig
C1	Drykkjarvatn <small>Vatnsveita á svæðinu: 4 stig Stakir vatnsgeymar: 3 stig</small>	Mest 4
C2	Máltíðir <small>Veitingastaðir: 3 stig Veitingar án umbúða: 1 stig</small>	Mest 3
C3	Margnota borðbúnaður	3
C4	Heitir drykkir á tókustað <small>Margnota bollar og malað kaffi: 3 stig Bollar úr beðmi og kaffihylki með grisju: 1 stig</small>	Mest 3

## Lýsing á viðmiðum:

## C1 DRYKKJARVATN

## Kröfur

Vatn og kaldir drykkir á tókustað skulu ekki vera í plastflöskum. Þegar drykkir eru bornir fram í bollum (eða áþekktum ílátum) skulu þeir vera margnota.

Pegar kemur að því að útvega drykkjarvatn er hægt að:

Valmöguleiki 1 (4 stig):

Nota vatnsveitu á svæðinu.

Valmöguleiki 2 (3 stig):

Nota staka vatnsgeyma.

Athugasemdir og tillögur

Plastflöskur og einnota bollar á tökustað verða sorp á hverjum degi sem þarf að flokka og losa samkvæmt reglum á svæðinu. Að forðast slíkan úrgang er bæði hagkvæmt og skilvirkt, auk þess er það umhverfisvænt.

Heilbrigðisyfirvöld hafa eftirlit með vatnsbólum og tryggja gæði vatns í krönum og drykkjarbrunnum. Leiki einhver vafi á því má nota ferðavatsgeyma, sem eru mun vistvænni en stakar plastflöskur.

Mælt er með því að tökulið noti endurnýtanlegar vatnsflöskur.

Með því að fylgja þessu viðmiði er hægt að draga úr kaupum á vatni, ílátum og sorphirðu, og draga þannig með óbeinum hætti úr vélknúnum flutningum en það minnkar koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

## C2 MÁLTÍÐIR

Kröfur

Að dagleg aðalmáltíð tökuliðsins sé með eftirfarandi hætti:

Valmöguleiki 1 (3 stig):

Einungis máltíðir á veitingastöðum.

Valmöguleiki 2 (1 stig):

Að nota einnig eða einvörðungu veitingaþjónustu/mötuneyti sem nota ekki einnota matarbakka heldur bjóða upp á sjálfsafgreiðslu og margnota borðbúnað.

Þessar kröfur eiga ekki við ef tökurnar eru án hlés og boðið er upp á snarl (samlokur eða þess háttar).

Athugasemdir og tillögur

Oft eru máltíðir framreiddar í einstaklingsskömmtum til að borða á tökustað. Þetta felur í sér miklar pakkningar og þar af leiðandi úrgang. Helsta leiðin til að verða við þessum kröfum er að nota aldrei einnota matarbakka.

Veitingastaður er sjálfbærari en veitingaþjónusta, notkun á margnota borðbúnaði er þá tryggð (sem mætir þá einnig kröfunum í lið C3), og meðhöndlun úrgangs er í höndum veitingasalans.

## C3 MARGNOTA BORÐBÚNAÐUR

Kröfur

Pegar veitingaþjónusta eða mötuneyti sér starfsfólki fyrir mat og drykk skal aðeins notaður margnota borðbúnaður (diskar, hnífapör og glös).

Athugasemdir og tillögur

Að nota aldrei matarbakka úr pappa eða plasti er eitt og sér ekki nóg til draga úr úrgangi, því veitingaþjónustur bjóða oft upp á einnota borðbúnað í stað margnota.

## C4 HEITIR DRYKKIR Á TÖKUSTAÐ

### Kröfur

Heitir drykkir á tókustað (kaffi, te, o.s.frv.) skulu ekki framreiddir í plastbollum með plasthræripinum, úr plast kaffihylkjum. Hægt er að bjóða upp á heita drykki með eftirfarandi hætti:

Valmöguleiki 1 (3 stig):

Margnota bollar og teskeiðar og malað kaffi.

Valmöguleiki 2 (1 stig):

Einnota bollar og hræripinnar úr beðmi (sellulósa) og kaffihylki með grisju.

### Athugasemdir og tillögur

Á tókustað er oft boðið upp á kaffi og te í einnota plastbollum. Að standast þetta viðmið dregur úr úrgangi og rusli sem er skaðlegt umhverfinu.

VIÐMIÐ D

# Val á efnivið

## Tilgangur

Að hvetja til notkunar á umhverfisvænum efnivið eftir fremsta megni, sem bæði tökustaðurinn og tökuliðið njóta góðs af.

Að forðast sóun á efnivið með því að finna hagkvæmar leiðir til að endurnýta hann.

### VIÐMIÐ D: VAL Á EFNIVIÐ

		Stig
D1	Vottaðir birgðasalar og vörur með vottun	3
D2	Endurunninn eða endurnýttur efniviður	1
D3	Endurnýting á leikmynd	2
D4	Pappírspotkun	1

### Lýsing á viðmiðum:

#### D1 VOTTAÐIR BIRGÐASALAR OG VÖRUR MEÐ VOTTUN

##### Kröfur

Pegar leikmynd er smíðuð:

Valmöguleiki 1:

Notið:

- FSC- eða PEFC-vottað timbur.
- Lakk og málningu með Ecolabel- eða Blauer Engel-vottun.

Valmöguleiki 2:

Hafið samband við allavega einn byggingarvörubirgi sem hefur ISO 14001- eða EMAS-vottun.

### Athugasemdir og tillögur

Rannsakið allar nauðsynlegar upplýsingar sem lúta að umhverfisvottun með það fyrir augum að finna eins vistvæna lausn og mögulegt er. Notið helst birgja af svæðinu. Athugið sérstaklega hvernig á að losa sig við efni og umbúðir, sérstaklega málningu og lakk.

## D2

### ENDURUNNINGIN EÐA ENDURNÝTTUR EFNIVIÐUR

#### Kröfur

Vinnið með fyrirtækjum eða samtökum sem bjóða upp á endurnýtt eða endurunnið byggingarefni, búninga eða leikmuni – kaup eða leigusamningar.

#### Athugasemdir og tillögur

Endurvinnsla og endurnýting eru grundvallaratriði þegar kemur að sjálfbærni. Að nota endurunnið eða endurnýtt byggingarefni, hluti eða búninga getur skilað bæði vistvænum og efnahagslegum ávinningi. Að standast þetta viðmið veltur ekki á að eitthvert ákveðið magn eða hlutfall af þeim efnivið, leikmunum eða búningum sem framleiðslan notar sé endurunnið/endurnýtt.

## D3

### ENDURNÝTING Á LEIKMYND

#### Kröfur

Samningur við þriðja aðila um að fjarlægja og endurnýta hluta (sérsmíðaðrar) leikmyndar þegar tókum lýkur.

### Athugasemdir og tillögur

Í lok tökutímabils þarf að ákveða hvað eigi að gera við efnivið og leikmuni sem enn eru í góðu ástandi, og þá er betra að huga að endurnýtingu og hringrásarhagkerfinu í stað þess að allt fari á haugana.

Til að mæta þessu viðmiði er aðeins sá hluti leikmyndar og búninga sem gerð voru sérstaklega fyrir framleiðsluna talinn með (ekki leigðir búningar og farartæki, til dæmis).

Að standast þetta viðmið veltur ekki á að eitthvert ákveðið magn eða hlutfall af þeim efnivið, leikmunum eða búningum sem framleiðslan notar sé endurnýtt.

## D4

### PAPPÍRSNOTKUN

#### Kröfur

Að draga af fremsta megni úr pappírnotkun í samskiptum og upplýsingagjöf á tökustað.

Að dagleg boðskipti og tilkynningar innan framleiðslunnar („call sheet“ og fleira) milli tökuliðsins og bílstjóra séu á rafrænu formi en ekki á pappír.

VIÐMIÐ E

# Sorphirða

## Tilgangur

Brýnt er að á öllu tökutímabilinu sé rétt farið með sorp og sett í forgang að endurnýta og endurvinna frekar en að fleygja, og þar með draga úr umhverfisáhrifum framleiðslunnar.

## VIÐMIÐ E: SORPHIRÐA

VIÐMIÐ E: SORPHIRÐA		Stig
E1	Flokkun á rusli	4

## Lýsing á viðmiðum:

### E1 FLOKKUN Á RUSLI

#### Kröfur

Innleiðið ruslflokkun á hverjum tökustað:

- Útbúið tökustaðinn og bækistöðvar með vel merktum ruslafötum og skýrum leiðbeiningum um notkun þeirra.
- Látið tökuliðið vita hvaða reglur gilda um sorphirðu.
- Hirðið um sorp eins og lög kveða á um.

VIÐMIÐ F

# Miðlun og kynning

## Tilgangur

Að standa að og/eða taka þátt í viðburðum þar sem almenningi er kynnt viðleitni kvikmyndaiðnaðarins til að verða sjálfbærari. Að auka skilning almennings á umhverfismiðaðri sjálfbærni.

## VIÐMIÐ F: MIÐLUN OG KYNNING

		Stig
F1	Að miðla sjálfbærni	Mest 5

Hluti af markaðsefni: 1 stig  
Stikla/myndskeið/bak-við-tjöldin: 3 stig  
Annað framtak framleiðanda: 1 stig

## Lýsing á viðmiðum:

### F1 AÐ MIÐLA SJÁLFBÆRNI

#### Kröfur

Að miðla með ýmsum hætti þeim góðu verkum sem unnin hafa verið til að gera kvikmyndaframleiðslu sjálfbærari, með það fyrir augum að auka skilning almennings á umhverfismiðaðri sjálfbærni.

Þessi miðlun getur meðal annars verið:

- Að í markaðsefni myndarinnar (e. press-kit) sé greint frá þeim grænu aðgerðum sem ráðist var í við framleiðslu myndarinnar (1 stig).
- Framleiðsla á stiklu eða bak-við-tjöldin-myndskeiði um þær sjálfbæru aðgerðir sem ráðist var í (3 stig).
- Annað framtak að undirlagi framleiðslufyrirtækisins sem hægt er að færa sönnur á (1 stig).

## FORKRÖFUR – SKILYRÐI: ÁÆTLUN UM SJÁLFBÆRNI

		Mat	Afgreitt
PR1	Áætlun um sjálfbærni (skilyrði)		
PR2	Skilvirk ferðaáætlun (skilyrði)		

## VIÐMIÐ A: ORKUSPARNAÐUR

		Stig	
A1	Tímabundnar tengingar við rafveitunetið	3	
A2	Græn orka	3	
A3	LED-ljós	3	

## VIÐMIÐ B: FLUTNINGAR OG GISTING

		Stig	
B1	Euro 5-farartæki	1	
B2	Euro 6, blendingar, metan- eða gasknúin (LPG) farartæki	4	
B3	Gisting: innan 10 km frá tókustað	4	
B4	Gisting: vottaðir gististaðir	3	

## VIÐMIÐ C: VEITINGAR

		Stig	
C1	Drykkjarvatn <small>Vatnsveita á svæðinu: 4 stig Stakir vatnsgeymar: 3 stig</small>	Mest 4	
C2	Máltíðir <small>Veitingastaðir: 3 stig Veitingar án umbúða: 1 stig</small>	Mest 3	
C3	Margnota borðbúnaður	3	
C4	Heitir drykkir á tókustað <small>Margnota bollar og malað kaffi: 3 stig Bollar úr beðmi og kaffihylki með grisju: 1 stig</small>	Mest 3	

## VIÐMIÐ D: VAL Á EFNIVIÐ

		Stig	
D1	Vottaðir birgðasalar og vörur með vottun	3	
D2	Endurunninn eða endurnýttur efniviður	1	
D3	Endurnýting á leikmynd	2	
D4	Pappírnotkun	1	

## VIÐMIÐ E: SORPHIRÐA

		Stig	
E1	Flokkun á rusli	4	

## VIÐMIÐ F: MIÐLUN OG KYNNING

		Stig	
F1	Að miðla sjálfbærni <small>Hluti af markaðsefni: 1 stig Stikla/myndskeið/bak-við-tjöldin: 3 stig Annað framtak framleiðanda: 1 stig</small>	Mest 5	





**GREEN FILM** er þróað í samvinnu við APPA (Agenzia Provinciale per la Protezione dell'Ambiente) og TIS Engineering



TIS **engineering**